

Umsögn um skýrsluna Sjálfbær sjávarútvegur, lokaniðurstöður starfshópa í Auðlindinni okkar

Athugasemdir um skýrslu Auðlindarinnar okkar.

<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/230819%20Matvaelaraduneytid%20Audlindin%20okkar%20Rit%201%20WEB.pdf>

Í Samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birtar lokaniðurstöður starfshópa matvælaráðherra, sem hafa unnið tillögur að sjávarútvegsstefnu fyrir Ísland undir nafninu Auðlindin okkar. Eitt úrlausnarefna starfshópanna var að fjalla um framtíð menntunar í sjávarútvegi. Var því málefni fundinn staður hjá hóp sem nefndist *Tækifæri* og var stofnaður undirhópur með það tiltekna verkefni að útbúa tillögur sem varða menntunarmál. Tekið er fram að kynning lokaskýrslunnar og framlagning tillagnanna marki ekki endalok vinnunnar, heldur sé það upphaf að frekari umræðu og vinnu um málefnið.

Undirritaðir skólameistarar, fyrir hönd Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, Menntaskólans á Ísafirði og Verkmenntaskóla Austurlands fagna því að fá tækifæri til að taka þátt í umræðu og vinnu um málefnið og vilja koma á framfæri sjónarmiðum sínum er varða þátt menntunar í skýrslunni og undirbúningsvinnu skýrslunnar og segja frá samstarfi sinna skóla sem hefur verið farsælt, nútímalegt og framsýnt og fellur vel að tillögum og framtíðarsýn skýrslunnar.

Í janúar 2023 var undirritaður samningur milli þriggja vestfirskra fiskeldisfyrirtækja, Menntaskólans á Ísafirði og Vestfjarðastofu um fjármögnun undirbúningsvinnu vegna uppbyggingar á nýrri framhaldsskólabraut með vinnuheimið *Hafið, auðlindir og umhverfið*. Markmið samstarfsins er að undirbúa námsbraut sem hentaði til að mennta hæft fólk sem gæti sinnt fjölbreyttum störfum innan fiskeldis en jafnframt sem undirbúningur fyrir frekara nám sem tengist auðlindum hafsins, jafnt fiskeldi sem sjávarútvegi. Menntaskólinn á Ísafirði tók að sér að fóstara verkefnið og hefur undirbúningsvinna staðið yfir á þessu ári. Stefnt er að því að námsbrautin verði í boði hjá fyrrnefndum skólum sem hafa unnið saman undanfarin ár í gegnum Fjarmentaskólann sem er samstarfsvettvangur tólf framhaldsskóla á landsbyggðinni um aukið framboð náms á framhaldsskólastigi á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta.

Skólarnir sem taka þátt í undirbúningi fyrir þessa nýja námsbraut eru allir á landssvæðum þar sem mikill vöxtur hefur verið í fiskeldi og tengdum greinum. Ætlunin er að brautin verði í boði í öllum skólunum og munu skólarnir samnýta þekkingu og mannauð en verklegt nám fer fram á hverjum stað fyrir sig. Með náminu byggist upp þekking í landsfjórðungunum sem mun nýtast til starfa innan fiskeldis en jafnframt sem grunnur að frekara námi innan fiskeldis, sjávarútvegs og auðlindafræða. Vestfirsku fyrirtækin þrjú og Menntaskólinn á Ísafirði lögðu fram fjármuni til undirbúnings námsbrautinni en henni er ætlað að verða sjálfbær um rekstur þegar hún verður tilbúin og samþykkt af skólayfirvöldum.

Það ber að taka fram að þó aðaláhersla skýrslunnar um Auðlindina okkar sé hefðbundinn sjávarútvegur er fiskeldi þó ekki útilokað frá umfjöllun starfshópsins og kemur fyrir í mörgum tillögum. Fyrir á þessu ári var kynnt skýrsla Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Íslandi og er stefnumótunarvinna hafin hjá ráðuneyti matvæla. Í þeirri skýrslu var m.a. fjallað um þörf fyrir aukið framboð á menntun og uppbyggingu hagnýtra námsleiða sem uppfylla þarfir nemenda og greinarinnar. Í umfjöllun um samfélagsleg áhrif lagareldis á sveitarfélög er nefnt að endurskoða þurfi menntunarræði og þróun hagnýtra námsleiða sem stefna á atvinnu

í lagareldi. Samstarf og undirbúningur þessara skóla og fyrirtækja er því algjörlega í takt við þær tillögur sem nefndar hafa verið til úrbóta varðandi lagareldi.

Menntun tengd hafinu verður þegar betur er að gáð ekki auðveldlega skipt upp milli sjávarútvegs sem tengist fiskveiðum og sjávarútvegs sem varðar fiskeldi. Þessar tvær greinar auðlindanýtingar hafsins eru báðar háðar því að hafa gott tæknimenntað fólk, t.d. í skipstjórn og vélstjórn en þekking á samspili umhverfis, samfélags og atvinnulífs er báðum greinum nauðsynleg, auk þess sem meðferð hráefnis og vinnsla spilar stórt hlutverk í báðum greinum.

Í samantekt á bls. 9 má finna lokatillögur starfshópanna, þar á meðal nokkrar tillögur er varða sérstaklega menntun. Lagt er til að efla samráðsvettvang um menntun í sjávarútvegi fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, rannsókn- og menntastofnanir. Lagt er til að tryggja að skólar geti tekið við og menntað fleiri nemendur í þeim greinum sem tengjast sjávarútvegi og að ímynd og námsumhverfi á námsbrautum tengdum sjávarútvegi verði breytt og laðaðir að fjölbreyttari nemendahópar með tilliti til kyns og uppruna.

Tillögur skýrslunnar um framtíðarsýn íslensks sjávarútvegs hvað varðar menntun eru allar þess eðlis að eiga skilið stuðning okkar sem ritum þessa umsögn. Það eru þó vankantar á úrvinnslu og útfærslu tillagnanna sem tilefni er til að vekja athygli á og snerta skort á gegnsæi við samráð og vinnubrögð við samráð sem eru ekki til eftirbreytni.

Í skýrslunni segir: „Á tímabilinu janúar til og með maí 2023 var unnið að frekari úrvinnslu og útfærslu tillagnanna og lagt mat á það hvaða tillögur yrði lagt til að yrðu hluti af lokaniðurstöðum starfshópanna. Var úrvinnslu tillagnanna skipt niður á sérfræðinga úr starfshópunum fjórum. [...] Menntahópur: Hlutverk menntahópsins var að vinna nánari útfærslu á tillögum um menntun í sjávarútvegi (bráðabirgðatillögur 35-44) og meta hvaða mögulegu aðgerðir þarf að grípa til svo hrinda megi tillögunum í framkvæmd. Hópinu skipuðu: Hildur Ingvarsdóttir, Ari Kristinn Jónsson og Hreiðar Þór Valtýsson.“

Í byrjun maí barst undirrituðum til eyrna að til stæði að halda vinnufund sex dögum síðar með nokkrum menntastofnunum í tengslum við vinnu starfshóps um menntun undir merkjum Auðlindarinnar okkar. Fundahöld og samráð þessara menntastofnana hafði verið ákveðið í óformlegu samtali fulltrúa nokkurra skóla sem hittust fyrir tilviljun á sjávarútvegssýningunni 2022. Stofnanirnar sem um ræðir og voru hluti af þessu samtali voru Fisktækniskólinn, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Háskóli Íslands, Tækniskólinn, Slysavarnaskóli sjómanna og Matís. Tilgangur fundarins var að safna tillögum fyrir sérfræðinga í starfshópi um menntun og áttu þær að nýtast sérfræðingunum við skýrslugerð fyrir lokaskýrslu þá er birt var og kynnt 29. ágúst. Tekið var sérstaklega fram í fundarboði að einungis væri um staðfund að ræða og var Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra boðin þátttaka tæpri viku fyrir fund, en engum öðrum af undirrituðum framhaldsskólum. Fáir framhaldsskólar bjóða upp á nám til skipstjórnar- og vélstjórnarréttinda og eru Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn á Ísafirði og Verkmennaskóli Austurlands þar á meðal þó ekki sé í boði að taka efstu stig þessara réttinda við skólana og búið er að tíunda eðli samstarfsverkefnis við fiskeldisfyrirtæki á Vestfjörðum um undirbúning námsbrautar á framhaldsskólastigi í fiskeldi.

Óánægju með þetta samráðsleysi og skort á gegnsæi og formlegri aðkomu eða upplýsingaöflun sérfræðinganna um hvaða menntastofnanir gætu viljað eða átt rétt á aðkomu að þessari vinnu var komið á framfæri við starfsfólk ráðuneytisins strax og þetta var kunnugt en að sögn ráðuneytisins var þessi vinna alfarið á ábyrgð starfshópanna. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að þessar mennta- og rannsóknastofnanir sem fengu sæti við borðið skuli eiga aðkomu að vinnu starfshópsins. Þetta eru stofnanir sem sinna mikilvægri menntun og rannsóknum í sjávarútvegi

en það sem er óeðlilegt er skortur á aðkomu annarra sem það gera og þar með skortur á gagnsæi. Málið væri sennilega ekki alvarlegt eða kallaði á athugasemdir ef ekki væri fyrir það að í skýrslunni um Auðlindina okkar er beinlínis lagt til að setja fjármagn til þróunarverkefna hjá þessum tilteknu stofnunum sem fengu þetta tækifæri til að sitja hjá sérfræðingunum og hafa mögulega fengið að ákveða eða leggja til sína eigin fjármögnun. Gagnsæið er ekki beinlínis augljóst, þegar litið er til þess hvernig stofnanir virðast handvaldar til aðkomu, skrafs og ráðagerðar, sem er undirstrikað með takmörkunum á aðgengi með því að útiloka möguleika á fjarfundi. Það er svo annað og jafnvel alvarlegra, ef málið er skoðað með pólitískum gleraugum, að tvær af þeim stofnunum sem er lagt til að fá sérstakt fjármagn eru í einkaeygu.

Í bráðabirgðatillögum (bls. 252) sést með skýrum hætti í sex af tíu tillögum að lagt er til með beinum hætti að styrkja þátttakendur í samráðinu með fjármagni. Hægt er að nefna nokkrar háskólastofnanir, fræðslumiðstöðvar, símenntunarstöðvar og framhaldsskóla sem hæglega hefðu getað tekið þátt og jafnvel sinnt þeim verkefnum sem lagt er til að verði sinnt hjá stofnunum þeim sem fengu að taka þátt í samningu tillagnanna :

1. „Bráðabirgðatillaga 35

Efla samráðsvettvang um menntun í sjávarútvegi fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, rannsóknar- og menntastofnanir.

Lýsing tillögu

- Virkt samráð á milli sjávarútvegsfyrirtækja, rannsóknar- og menntastofnana, sér í lagi á framhalds- og háskólastigi, veitir sýn á framtíðarþarfir geirans varðandi menntun.
- Tenging menntunar, á öllum skólastigum, við það sem er að gerast í veiðum, vinnslu, flutningum, sölu, tækniþróun, o.s.frv., eykur skilning og áhuga. Aðferðirnar gætu spannað frá heimsóknum yfir í ítarleg hagnýt rannsóknarverkefni.

Nánari umfjöllun

Hópurinn hefur hafið störf sem er leitt af Fisktækniskólanum.

Hvað næst?

- Tryggja þarf fjármagn til að leiða þessa vinnu áfram
- Miðað er við fimm fundi á ári og einn lengri staðfund
- Fulltrúum frá ráðuneyti og frá sjávarútveginum verður boðið að vera með

Lagt er til að bráðabirgðatillaga 35 verði samþykkt og verði hluti af lokatillögum Auðlindarinnar okkar.

Hvað næst?

Áframhaldandi fundir þar sem aðgerðir verða ræddar. Einnig er lagður til styrkur til að sinna þessu hlutverki. Stendur til að kynna vettvanginn og bjóða atvinnulífinu til samvinnu á sjávarútvegsráðstefnunni haustið 2023. Fisktækniskólinn leiðir nú starfið en í framtíðinni færist það á milli skóla.

Kostnaður

- 2 milljónir króna á ári – einn og hálfur mannánuður fyrir stofnun sem leiðir auk ferðakostnaðar á einn fund á ári.
- 100 milljóna króna sjóður sem verði stofnaður árið 2024 til að efla samstarf og nám tengt sjávarútvegi þvert á skólastig. Þessi sjóður virki svipað og nýlegur sjóður um samstarf háskóla. Sjóðurinn styrki frekara starf sem tengist tillögum hér að neðan.“

2. „Bráðabirgðatillaga 36

Tryggja að skólar geti tekið við og menntað fleiri nemendur.

Lýsing tillögu

- Til þess að hlutfall útskrifaðra úr iðn- og starfsnámi og úr tækni- og raungreinánámi verði í takt við þarfir framtíðarinnar þarf að tryggja að skólar geti tekið við og menntað vel þann fjölda nemenda sem þörf er á, í þeim greinum er tengjast sjávarútvegi.“

Þá kemur ítarleg umfjöllun um tillöguna og í lokin tillaga að næstu skrefum:

„Hvað næst?

Ráða aðila til að leiða vinnuna, viðkomandi yrði með starfsaðstöðu í Tækniskólanum.

Kostnaður

Eitt stöðugildi við Tækniskólann í tvö ár = 18 milljónir króna á ári. Nánari kostnaðargreining liggja fyrir einu ári eftir að vinna er hafin.“

3. „Bráðabirgðatillaga 37

Stjórnvöld standi fyrir kynningarátaki á fjölbreyttum námsmöguleikum og störfum í sjávarútvegi fyrir öll skólastig.“

Aftur kemur ítarleg umfjöllun um tillöguna og í lokin tillaga að næstu skrefum:

„Tillaga

- Starfsemi Sjávarútvegsskóla unga fólksins og Sumarskólans útvíkkuð
- Skoðaðir verði möguleikar á að hafa ferðir líkt og á Húna II um land allt
- Samráðsvettvangur (tillaga 35) sér um greiningu og kynningarátak og móti hugmyndir

Lagt er til að bráðabirgðatillaga 37 verði samþykkt og verði hluti af lokatillögum Auðlindarinnar okkar.

Hvað næst?

Ráða aðila til að leiða vinnuna, viðkomandi yrði með starfsaðstöðu við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri.

Kostnaður

Eitt stöðugildi við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri í tvö ár = 18 milljónir króna á ári. Nánari kostnaðargreining liggja fyrir einu ári eftir að vinna er hafin.“

4. „Bráðabirgðatillaga 38

Breyta/bæta ímynd og námsumhverfi á námsbrautum tengdum sjávarútvegi og laða að fjölbreyttari nemendahópa með tilliti til kyns og uppruna.“

Eftir nánari lýsingu og umfjöllun kemur tillaga að næstu skrefum:

„Tillaga

- Finna leiðir til þess að yfirfæra þá menntun sem stærri sjávarútvegsfyrirtæki bjóða upp á til smærri fyrirtækja.

- Höfða til mismunandi kynja, aldurs og uppruna í kynningarefni. (sjá tillögu 37)
- Vinna markvisst í gegnum samstarfsvettvanginn að fræðslu til handa kennurum og starfsfólki á karllægum námsbrautum um jafnréttis- og kynjamál.

Lagt er til að bráðabirgðatillaga 38 verði samþykkt og verði hluti af lokatillögum Auðlindarinnar okkar.

Hvað næst?

Ráða aðila til að leiða vinnuna, viðkomandi yrði með starfsaðstöðu við Fisktækniskólann.

Kostnaður

Eitt stöðugildi við Fisktækniskólann í tvö ár = 18 milljónir króna á ári.

Nánari kostnaðargreining liggja fyrir einu ári eftir að vinna er hafin.“

5. „**Bráðabirgðatillaga 39**

Bjóða og styðja við nám í tæknifögum, iðngreinum og fleiri lykilfögum sjávarútvegs sem næst heimabyggðum um allt land.“

Þá kemur nánari lýsing og umfjöllun og að lokum tillaga að næstu skrefum:

„Tillaga

- Kortleggja í hvaða framhaldsskólum á landinu væri hægt að bjóða upp á og/eða auka starfsnám sem nýtist sjávarbyggðum.
- Skoða möguleika á farandkennslustofum.
- Koma á sjóði sambærilegum háskólasjóðnum sem hvetur til samstarfs framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. (sjá tillögu 35)
- Nýsköpunarsjóður námsmanna nái einnig til iðn-, starfs- og tæknináms á framhaldsskólastigi.

Lagt er til að bráðabirgðatillaga 39 verði samþykkt og verði hluti af lokatillögum Auðlindarinnar okkar.

Hvað næst?

Ráða aðila til að leiða vinnuna, viðkomandi yrði með starfsaðstöðu við Verkmenntaskólann á Akureyri.

Kostnaður

Eitt stöðugildi við Verkmenntaskólann á Akureyri í tvö ár = 18 milljónir króna á ári.“

6. „**Bráðabirgðatillaga 40**

Efla og þróa þverfaglegt nám sem tengist sjávarútvegi.“

Eftir nánari lýsingu og umfjöllun kemur tillaga um næstu skref og fjármögnun:

„Tillaga

- Gert verði markaðstorg sjávarútvegstengdra námskeiða sem einnig verða opin í gegnum símenntunarmiðstöðvar.
- Þessu yrði skipt upp í mismunandi flokka, framhaldsskólastig, grunnám í háskóla, framhaldsnám í háskóla eða það sem jafnvel hentar öllum.
- Námskeið sem yrðu í boði á þennan hátt yrðu sérstaklega styrkt.

Lagt er til að bráðabirgðatillaga 40 verði samþykkt og verði hluti af lokatillögum Auðlindarinnar okkar.

Hvað næst?

Ráða aðila til að leiða vinnuna, viðkomandi yrði með starfsaðstöðu við Háskóla Íslands.

Kostnaður

Eitt stöðugildi við Háskóla Íslands í tvö ár = 18 milljónir króna á ári.

Nánari kostnaðargreining liggja fyrir einu ári eftir að þessi vinna er hafin.“

Að lokum. Opinberar menntastofnanir eiga undir högg að sækja í rekstri og mega síst við því að verða undir einkareknum menntastofnunum í baráttunni um opinbert fé til skólaþróunar. Það er hrein móðgun við frumkvöðlastarf okkar skóla og allra þeirra háskólastofnana, fræðslu- og símenntunarmiðstöðva sem fengu heldur ekki aðkomu að svona vinnubrögð séu viðhöfð og við förum þess á leit við ráðuneytið að allar tillögur í kafla 15.5 verði endurskoðaðar í ljósi þessa.

Eydís Ásbjörnsdóttir skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands

Heiðrún Tryggvadóttir skólameistari Menntaskólans á Ísafirði

Helga Kristín Kolbeins skólameistari Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Ingileif Oddsdóttir skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra